


Ársskýrsla stjórnar FF

Starfsemi FF 2024-2025



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Um Félag framhaldsskólakennara	3
Stjórn	4
Nefndir.....	4
Starfsfólk.....	6
Erindrektur, félagsfundir, fræðsla og útgáfa.....	10
Fulltrúafundur 2024.....	10
Erindrektur og helstu verkefni	11
Rauða eplið	13
Félagsdeildir	13
Hlutverk og starfsemi félagsdeilda.....	13
Fjárframlög og almennar verklagsreglur	13
Skýrslur og upplýsingar	14
Trúnaðarmenn	14
Vinnumat og vinnumatsnefndir	15
Skólamál	15
Skólamálanefnd FF.....	15
Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ	18
Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	18
Vísindasjóður FF og FS.....	18
Erlent samstarf	19
Nordiske Lærerorganisationernes Samråd (NLS)	19
Nera	20
Að lokum	20

Um Félag framhaldsskólakennara

Helstu stofnanir Félags framhaldsskólakennara (FF) eru stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og Vísindasjóður FF/FS. Félagið leggur, í samræmi við lög Kennarasambands Íslands KÍ og skipulag, til fulltrúa í fast samstarf á vettvangi KÍ. Ýmsum erindum sem berast til KÍ er vísað til félagsins. Alls var félagsfólk FF í nóvember 2024 1.764 talsins. Þess má geta að alls voru þá 81 félagar skráðir í Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS).

Í samræmi við lög KÍ hefur félagið sjálfstæði um lögbundin verkefni sín í meginmálaflokkum þar með talið kjaramálum og samningagerð, skólamálum, innra starfi og félagsmálum. Félagið heldur uppi virku samstarfi við félagsdeildir í framhaldsskólum sem eru grunneiningar félagsins með eigin formenn og stjórnir, trúnaðarmenn og samstarfs- og vinnumatsnefndir. Félagið annast erindrekstur við félagsdeildir, heldur árlegan fulltrúafund með formönnum deilda þau ár sem ekki er haldinn aðalfundur og stendur fyrir ýmsum öðrum fundum.

Skýrsla sú sem hér er lögð fram fjallar um starfsemi Félags framhaldsskólakennara frá fulltrúafundi 15. apríl 2024 fram að fulltrúafundi 7. apríl 2025.

Nánari upplýsingar er að finna á [vefsvæði félagsins](#).

Stjórn

Stjórn Félags framhaldsskólakennara var kjörin í aðdraganda áttunda aðalfundar félagsins, 13.-14. október 2022 og er með umboð til ársins 2026. Guðjón Hreinn Hauksson var endurkjörinn formaður félagsins í beinni kosningu á sama tíma, í maí 2022. Stjórnin er svo skipuð:

Stjórn FF 2024-2025 skipa:

- Guðjón Hreinn Hauksson formaður
- Helga Jóhanna Baldursdóttir (TS) varaformaður
- Simon Cramer Larsen (FÁ)
- Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (MS), í leyfi frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025
- Jóhanna Björk Guðjónsdóttir (KVSK).

Varafulltrúar eru:

- Arnar Guðmundsson (VA), tekur sæti Sigrúnar Lilju í hennar leyfi
- Guðmundur Björgvin Gylfason (FSu)
- Sandra Hlín Guðmundsdóttir (BHS).

Stjórn fundaði 6 sinnum með formlegum hætti á tímabilinu. Eftir að fundargerðir eru samþykktar birtast þær á [fundargerðasíðu KÍ](#).

Nefndir

Samninganefnd félagsins er skipuð stjórn félagsins, auk eftirfarandi kjörinna fulltrúa:

- Kolbrún Elfa Sigurðardóttir (MR)
- Guðmundur Björgvin Gylfason (FSu)
- Magnús Hlynur Haraldsson (BHS)
- Óli Njáll Ingólfsson (VÍ)
- Kristjana Hrönn Árnadóttir (FS).

Skólamálanefnd FF er svo skipuð:

- Simon Cramer Larsen (FÁ) formaður

og fulltrúar tilnefndir og kjörnir af fagfélögum:

- Ellert Danelíusson (BHS)
- Helgi Þórður Þórðarson (TS)
- Hafrún Eva Arnadóttir (BHS)
- Klara Guðbrandsdóttir (FSu).

Varafulltrúar eru

- Magnús Hlynur Haraldsson (BHS)
- Helga Þórey Júlíusdóttir (Félag sérkennara á Íslandi).

Simon Cramer Larsen situr í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ sem formaður skólamálanefndar FF.

Stjórn Vísindasjóðs FF/FS er mynduð af fulltrúum FF og FS. Fulltrúar í sjóðstjórn eru:

- Gísli Örn Bragason, fulltrúi FF (VÍ), formaður

- fulltrúi FF í sjóðstjórn er Helga Valtýsdóttir (FLB)
- fulltrúi FS í sjóðstjórn er Lilja Guðný Jóhannesdóttir (TS).

Varafulltrúar eru

- Ægir Friðriksson fyrir FF (MK)
- Helga Jóhannesdóttir fyrir FS (MH) – lét af störfum í febrúar 2025.

Í **uppstillingarnefnd** eru:

- Ármann Halldórsson (VÍ)
- Guðjón Ragnar Jónasson (MR)
- Jóna Guðbjörg Torfadóttir (MS).

Varafulltrúar eru

- Þorgerður Aðalgeirsdóttir (VÍ)
- Þorbjörg Ragnarsdóttir (FVA).

Í **kjörstjórn** eru:

- Karl Jóhann Garðarsson (MH)
- Kristófer Eggertsson (FLB)
- Þórunn Steindórsdóttir (MS).

Varafulltrúar eru:

- Halldóra Björt Ewen (MH)
- Hilmar Guðlaugsson (MR).

Félagslegir skoðunarmenn reikninga eru:

- Óskar Ingi Sigurðsson (VMA)
- Lóa Steinunn Kristjánsdóttir (MS).

Til vara er:

- Margrét Benediktsdóttir (MK).

Í **fræðslunefnd KÍ** á hvert aðildarfélag einn fulltrúa. Ingibjörg Karlsdóttir, sérfræðingur hjá FF, á sæti þar fyrir hönd félagsins.

Í **undanþágunefnd** kennara situr Ingibjörg Karlsdóttir fyrir hönd FF.

Í **jafnréttisnefnd KÍ** situr Gunnvör Rósa Eyvindardóttir fyrir hönd FF.

Í **vinnuumhverfisnefnd** KÍ situr Hólmfríður Sigþórsdóttir fyrir hönd FF.

Í **vinnudeilusjóði KÍ** situr Þórdís Ása Þórsdóttir fyrir hönd FF.

Í **kennararáði** situr Guðjón Hreinn Hauksson fyrir hönd FF.

Í **stjórn Sjúkrasjóðs KÍ** situr Guðmundur Björgvin Gylfason fyrir hönd FF.

Í **stjórn Orlofssjóðs KÍ** á Óli Njáll Ingólfsson sæti fyrir hönd FF. Einnig á þar sæti fyrir félagið Eyrún Björg Magnúsdóttir sem varafulltrúi.

Í **siðaráði KÍ** situr Ása Lind Finnbogadóttir fyrir hönd FF.

Í **framboðsnefnd KÍ** situr Simon Cramer Larsen fyrir hönd FF.

Í **kjörstjórn KÍ** er Þórunn Steindórsdóttir sem varafulltrúi fyrir hönd FF.

Í **umhverfisnefnd KÍ** situr Unnar Þór Bachmann fyrir hönd FF.

Í **útgáfuráði KÍ** er Þorbjörn Rúnarsson fyrir hönd FF.

Í **námsstjórn um menntun framhaldsskólakennara** situr Ingibjörg Karlsdóttir fyrir hönd FF.

Í **stjórn Vinnustaðanámssjóðs** situr Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir fyrir hönd KÍ.

Starfsfólk



Starfsfólk FF, Helga Jóhanna, Ingibjörg og Þorbjörn

Á skrifstofu FF starfa nú alls fjögur. Þar af eru þrjú í fullu starfi og eitt í hálfu starfi, auk þess sem formaður skólamálanefndar félagsins er í 10% starfshlutfalli hjá félaginu. Samtals eru tvö og hálf stöðugildi greidd úr félagssjóði FF vegna starfsfólks félagsins á skrifstofu Kennarasambandsins. Það sem upp á vantar er greitt úr fræðslusjóði, Vísindasjóði FF/FS og af Kennarasambandi Íslands eins og fram kemur hér fyrir neðan:

Formaður FF (100%): Guðjón Hreinn Hauksson. Helstu verkefni: Formaður stjórnar og samninganefndar FF, forsvar um samningagerð við ríki og einkaaðila, aðstoð og ráðgjöf við samningagerð í skólum, gerð stefnumótunar og viðræðuáætlana. Formaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins og hefur yfirumsjón með rekstri þess samkvæmt lögum FF. Formaður sér um samskipti við lögmennt og opinbera aðila og meðferð einstaklingsmála, umfjöllun um lög og reglugerðir í kjara- og réttindamálum, skóla- og menntamálum. Formaður FF situr í stjórn KÍ og annast samskipti og samstarf innan KÍ og stýrir eftir atvikum samskiptum félagsins við önnur bandalög opinberra starfsmanna. Þau kjörtímabil sem formaður eða varaformaður KÍ kemur ekki úr Félagi framhaldsskólakennara hefur formaður FF tekið sæti í stjórn NLS, Norrænu kennarasamtakanna.

Varaformaður FF (50%): Helga Jóhanna Baldursdóttir. Helstu verkefni: Varaformaður stjórnar, situr í samninganefnd FF. Stuðningur við formann í hans störfum, sér um tengsl skrifstofu við stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd. Gegnir, ásamt sérfræðingum félagsins, lykilhlutverki í erindrekstri og stuðningi við trúnaðarmenn, samstarfsnefndir og vinnuáætlanir úti í skólunum.

Formaður skólamálanefndar FF (10%): Simon Cramer Larsen. Helstu verkefni: Formaður skólamálanefndar vinnur í samræmi við ályktun sem samþykkt var á fulltrúafundi 2023. Sem formaður skólamálanefndar leggur hann til umfjöllunarefni s.s. fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ. Einnig vinnur hann að eflingu kennaramenntunar og endurmenntun félagsmanna og heldur tengslum við faggreinafélögin. Hlutverk formanns og skólamálanefndar er að fylgjast með umræðu um skóla- og menntamál og taka þátt í fundum og kynningum eftir því sem unnt er.

Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum og vinnumati (50%): Ingibjörg Karlsdóttir. Helstu verkefni: Upplýsingagjöf og útreikningar á vinnumati, samskipti og þjónusta við félagsfólk. Upplýsingasöfnun og -miðlun um skóla- og menntamál. Sérfræðiráðgjöf við túlkun á kjarasamningum, lögum og reglugerðum í kjara- og réttindamálum og lögum og reglugerðum um framhaldsskóla og um kennaramenntun og símenntun. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur sitji í ýmsum nefndum og ráðum vegna framhaldsskólástigsins sem gerir kröfu um vinnu utan Kennarahúss.

Í samræmi við [4. gr. kjarasamnings frá 21. apríl 2018](#) eru 50% starfshlutfalls sérfræðings í vinnumati greidd úr fræðslusjóði sem myndaður er af 0,1% iðgjaldi til mennta- og fræðslusjóða (sjá gr. 10.5 í kjarasamningi FF/FS við ríkið).

Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum (40%): Þorbjörn Rúnarsson. Helstu verkefni: Sérfræðiráðgjöf og aðstoð vegna samningagerðar við ríki, einkaaðila og vegna samningagerðar í skólum. Sérfræðiráðgjöf við túlkun á kjarasamningum, lögum og reglugerðum í kjara- og réttindamálum, lögum og reglugerðum um framhaldsskóla og um kennaramenntun og símenntun. Samskipti og þjónusta við félagsfólk. Samskipti við félagsdeildir um málefni þeirra og miðlun upplýsinga. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur sitji í ýmsum nefndum og ráðum vegna framhaldsskólástigsins sem gerir kröfu um vinnu utan Kennarahúss.

Auk þess gegnir Þorbjörn 50% starfi sem fulltrúi Vísindasjóðs FF og FS og er starfshlutfallið greitt af rekstrarfé sjóðsins. Einnig sér Þorbjörn um daglega verkstjórn í upplýsingatæknimálum Kennarasambandsins þar sem starfshlutfall er 10%. KÍ greiðir þann launakostnað.

Markmið félagsins er að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Með því fyrirkomulagi að auka við starfshlutfall sérfræðinga sem starfa fyrir félagið, úr fræðslusjóði annars vegar og Vísindasjóði hins vegar, er félagsfólki tryggð hröð og góð þjónusta. Auk þess fá stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd einnig góða þjónustu og aðstoð við mikilvæg verkefni.

Kjaramál

Á aðalfundi þann 14. október 2022 var [stefna félagsins í kjaramálum og kjarasamningum](#) fyrir árin 2022 til 2026 samþykkt. Tillaga um kjarastefnuna hafði verið unnin í samstarfi stjórnar, samninganefndar og skólamálanefndar þetta haustið og fram að aðalfundi. Megináherslan var lögð á að ná fram jöfnun launa milli markaða og hóf félagið strax undirbúning að erindreksri í öllum framhaldsskólum með að markmiði að kynna áherslur FF.



Formaður FF í anddyri Háskólabíós við upphaf samstöðufundar í nóvember 2024

Farið var í alla framhaldsskóla landsins í febrúar og mars 2023 og aftur í nóvember og desember sama ár. Þarna var félagsfólk undirbúið fyrir það að haustið 2024 gæti sú staða verið komin upp að öll aðildarfélög KÍ gætu verið samningslaus og þar með einstakt tækifæri til þess að láta til sín taka með öllum þunga heildarsamtakanna.

Þegar síðasti fulltrúafundur FF var haldinn, þann 15. apríl 2024, höfðu samningar verið lausir í hálfan mánuð og viðræður um nýjan samning ekki formlega hafnar. Það hafði þó gerst tveimur mánuðum fyrr að allar samninganefndir Kennarasambands Íslands höfðu lýst fullri samstöðu um að setja verkefnið um jöfnun launa í algeran forgang í öllum viðræðum. Fyrsti formlegi fundur FF/FS og samninganefndar ríkisins (SNR) fór fram þann 29. maí og var fundað alls fjórum sinnum til 19. júní. Þá var þegar orðið ljóst að SNR ætlaði sér ekki í neina vegferð um jöfnun launa sem samninganefnd FF/FS gat sætt sig við.

Þarna um vorið var ákveðið að Kennarasambandið færi í sérstaka markaðsherferð með haustinu um málefni kennarastéttarinnar undir slagorðinu *fjárfestum í kennurum, fagmennsku og stöðugleika*. Um sumarið gekk á með miklum áróðri úr ýmsum áttum þar sem öllum ráðum virtist eiga að beita til þess að koma höggi á kennarastéttina. Það má þó kannski segja að þetta hafi snúist í höndunum á þessum öflum því þetta var mögulega fyrsti sterki vísirinn að því hvernig kennarar áttu aldeilis eftir að snúa bökum saman næstu mánuðina. Auglýsingaherferðin fór svo í gang um það leyti sem skólar voru að hefjast og gengu næstu vikurnar í sjónvarpi, útvarpi, vefmiðlum og samfélagsmiðlum þar sem ýmsar sláandi tölulegar upplýsingar voru birtar um kennaraskort og vanfjármögnun í menntakerfinu. Einnig fóru fram greinaskrif bæði með skipulögðum hætti og sjálfsprottum og í flestum fjölmiðlum fór fram mikil umræða um kjör kennara.

Svo fór að þann 24. september hafði deilum allra aðildarfélaganna KÍ verið vísað á borð ríkissáttasemjara. Fyrr í þeim mánuði höfðu samninganefndir allra aðildarfélaganna undirritað umboð til formanna sinna „til starfa og viðræðna fyrir hönd félagsins innan viðræðunefndar Kennarasambands Íslands vegna jöfnunar launa milli markaða (útfærslu 7. gr. samkomulags frá 2016) við viðsemjendur aðildarfélaganna KÍ.“ Þannig mynduðu allir formenn aðildarfélaganna ásamt formanni Kennarasambandsins viðræðunefnd KÍ sem mætti þar með sameinuð gegn ríki, sveit og borg í einu og sama verkefninu: jöfnun launa milli markaða. Það er álit okkar, sem höfum staðið í þessum slag í nokkur ár samfellt, að þessi samheldni allra aðildarfélaganna og það að beita Kennarasambandinu sem

einni heild hafi skilað okkur mun betri árangri en ef við hefðum farið hvert í sínu lagi inn í þessa baráttu.

Þann 29. október hóf Kennarasambandið samhæfð skæruverkföll á öllum skólastigum og í einum tónlistarskóla. Markmið KÍ með þessum skærum var mun frekar að minna sem mest á sig með litlum tilkostnaði og búa þannig um hnútana að við gætum haldið baráttuna lengi út. Nokkrir leikskólar fóru í ótímabundin verkföll en í grunn-, framhalds- og tónlistarskólum var sett upp skipulag tímabundinna verkfalla þar sem skólar færu í nokkrar vikur út og aðrir, og smám saman fleiri, tækju við.

Fjölbrautaskóli Suðurlands fór fyrstur fram fyrir skjöldu hjá framhaldsskólunum og var alls nærri fimm vikur í verkfalli. Menntaskólinn í Reykjavík bættist síðan við um miðbik nóvember og var ætlunin að báðir hættu verkföllum 20. desember og að aðrir skólar hæfu verkföll eftir áramótin.

Í stað þess að lýsa hér í allt of löngu máli því ferðalagi sem hófst að hausti 2024 og lauk svo þann 25. febrúar



Af samstöðufundi á Akureyri

2025 með kjarasamningum vil ég vísa til [Rauða eplisins](#), fréttabréfs FF, þar sem ítarlega var gerð grein fyrir stöðu mála á hverjum tíma. Einnig kom mjög margt fram í [Eplinu](#), fréttabréfi Kennarasambandsins, þar sem formaður KÍ fór reglulega yfir stöðuna á hverjum tíma. Þessi fréttabréf eru öll birt á vef Kennarasambandsins.

Hér skal því fjallað ítarlegar um stöðuna núna eftir að allt félagsfólk KÍ hefur samþykkt heildarsamning byggðan á innanhússtillögu ríkissáttasemjara og eftir að félagsfólk FF og FS samþykkti samkomulag um breytingar á greinum 2.1.6.6. og 2.1.6.6.1. í kjarasamningi FF/FS og ríkisins.

Byrjum á heildarsamningnum. Fyrir það fyrsta var hann kynntur allítarlega á stað- og fjarfundum og var gerð upptaka á [kynningarfundum formanns KÍ](#) um heildarsamninginn og einnig var einn fundur formanns FF tekinn upp og birtur á [YouTube](#). Í meginatriðum fjallar þessi samningur um það að kennarastéttin leggur nú af stað í svokallaða virðismatsvegferð undir stjórn Jafnlaunastofu. Samningsaðilar munu í sameiningu vinna að gerð virðismatskerfis sem dregur fram þætti sem einkenna störf félagsfólks KÍ og hafa ekki verið metnir að verðleikum við launasetningu hingað til. Það má því segja að þarna verði horft á virði kennarastarfsins og annarra starfa sem félagsfólk KÍ sinnir í nýju ljósi.

Samhliða virðismatsvinnunni fer fram heildstæð skoðun á „kjara-, vinnutíma- og launaumhverfi félagsfólks KÍ“ og hún borin saman við viðmiðunarhópa sem aðilar koma sér saman um. Þessi vinna verður undir verkstjórn ríkissáttasemjara og gæti leitt til þess að einhverjir launamyndandi þættir verði samræmdir milli stofnana, aðildarfélaganna og viðmiðunarhópa. Reikna má með að samræming stofnanasamninga, mati á grunnröðun, röðun vegna starfsreynslu og mat á viðbótarmenntun verði rædd á þessu tímabili sem og möguleg útfærsla á 36 stunda vinnuviku.

Enn einn hluti þeirrar vinnu, sem ráðgerð er, er ítarleg greining á ýmsum öðrum kjörum sem félagsfólk KÍ og aðrir viðmiðunarhópar njóta. Líklegt er að óháðri stofnun eða aðila verði falið það verkefni til að byrja með.

Þann 1. október 2026 munu niðurstöður þessarar vinnu liggja fyrir og á grundvelli þeirra forsendna munu samningsaðilar semja um það sín á milli hvort og hvernig þær niðurstöður verða útfærðar í breytingum á launum félagsfólks, breytingum á launamyndunarkerfi og vinnutíma. Í 5. grein innanhússtillögunnar er sérstakt forsenduákvæði þar sem því er lýst að náist ekki samkomulag um innleiðingu virðismats geti hvor aðili um sig sagt upp samningi og gætu þá samningar orðið lausir frá 1. mars 2027.

Vinnan við þessa verkþætti er að hefjast og hafa nokkrir undirbúningsfundir verið haldnir nú þegar.

En þá að sérstöku samkomulagi FF/FS breytingar á greinum 2.1.6.6. og 2.1.6.6.1. Í þessu samkomulagi felast þær breytingar að alls 16 klukkustundir af þeim 80 klukkustundum, sem hingað til hafa legið að fullu utan starfsárs skóla, eru færðar inn á starfsárið. Þetta er í fullum samhljómi við áherslubreytingar sem hafa hægt og bítandi orðið í stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara á undanförunum árum. Þar höfum við orðið sammála um þá nauðsyn að opna leiðir til þess að starfsþróun eigi sér formlegan farveg innan starfsárinu. Um leið höfum við líka verið fullkomlega sammála um að starfsþróunin sé mótuð í sterku lærdómssamfélagi innan hvers skóla en ekki skipulögð og ákveðin af skólameistara eða stjórnendum. Til hliðar við kjarasamning, sem samþykktur var þann 17. apríl 2023, áttum við í FF/FS gott samstarf við mennta- og barnamálaráðuneytið sem endaði með yfirlýsingu ráðherra. Þar var settur á laggirnar vinnuhópur sem hafði að markmiði að greina og skoða „tækifæri og svigrúm félagsfólks KÍ í framhaldsskólum til að auka hæfni sína og sinna starfsþróun“. Í þessari vinnu urðu ráðuneytið og FF/FS sammála um mikilvægi þess að koma á fót sérstöku teyrum innan skólanna sem hefðu það að markmiði að efla virk lærdómssamfélög þar sem menning um fagmennsku og þróun er ríkjandi. Leiðin til þess væri að valdefla sérfræðingana sjálfa þannig að frumkvæði og skipulag kæmi innan frá en ekki að ofan eða utan frá. Það fór enda svo að ráðuneytið var tilbúið til þess að fjármagna launabrep og tvo tíma á mánuði fyrir þau okkar í FF sem munu veljast sem fulltrúar síns fólks inn í skólaþróunarteymin.

Úr þessum jarðvegi sprettur þetta samkomulag sem gert var sérstaklega innan framhaldsskólanna til hliðar við innanhússtillögu ríkissáttasemjara. Eins og niðurstöður atkvæðagreiðslna gefa til kynna hefur þýsna stór hópur félagsfólks efasemdir um að þessi breyting sé til góðs og sé þessarar 2% launahækkunar virði sem fylgir samkomulaginu. Því mikilvægara er að við í stjórn, samninganefnd og ekki hvað síst skólamálanefnd FF gerum okkar til þess að fylgja þessu verkefni eftir og styðja í hvítetna við störf skólaþróunarteymanna og tengja þau saman. Við lítum enda svo á að þetta sé langtímaverkefni sem þurfi tíma til þess að vaxa og festast í sessi og þar skiptir eftirfylgnin og stuðningurinn öllu. Áskoranirnar eru gríðarstórar og miklar og þarf bara að nefna áhrif gervigreindarinnar á alla kennslu og nám, áherslu stjórnvalda á farsæld og inngildandi skólustarf og sífellda og raunar fullkomlega eðlilega kröfur okkar sjálfra um að geta eflt okkur og endurnýjað í starfi með markvissum hætti.

Erindrekstur, félagsfundir, fræðsla og útgáfa

Fulltrúafundur 2024

Var haldinn 15. apríl í húsakynnum KÍ Borgartúni 30. Guðjón Hreinn Hauksson, formaður félagsins sem var í veikindaleyfi ávarpaði fundinn í gegnum fjarfundabúnað frá Akureyri og fól varaformanni og starfsfólki félagsins að hafa umsjón með fundinum. Ingibjörg Karlsdóttir og Þorbjörn Rúnarsson gerðu

grein fyrir starfsemi FF á liðnu ári og Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ kynnti ársreikning ársins 2023. Þorbjörn Rúnarsson fór yfir ársskýrslu og ársreikning Vísindasjóðs FF og FS í fjarveru formanns sjóðsins Gísla Arnar Bragasonar. Simon Cramer Larsen formaður skólamálanefndar reifaði starf



Fundur formanna félagsdeilda og trúnaðarmanna

nefndarinnar. Oddur Jakobsson fjallaði um stöðu kjarasamningsmála í fjarveru Guðjóns formanns. Kosið var í samninganefnd og var Kristjana Hrönn Árnadóttir sjálfkjörin. Í stjórn Vísindasjóðs FF og FS voru kjörin Helga Valtýsdóttir aðalfulltrúi og Ægir Friðriksson varafulltrúi. Hópumræður um stöðuna í kjaramálum og möguleg viðbrögð stéttarinnar voru síðasti liður á dagskrá fundarins.

[Fundargerð fulltrúafundarins](#) er birt á heimasíðu félagsins.

Erindrekstur og helstu verkefni

Þann 9. apríl 2024 stóð KÍ fyrir ráðstefnunni [Skóli nútíðar-vegvisir til framtíðar](#) í Hörpunni. Félagið tók virkan þátt í ráðstefnunni þar sem skólamálanefnd, stjórnarfolk og starfsfolk félagsins lagði sitt að mörkum. Ráðstefnan var vel sótt auk þess að vera í beinu streymi. Helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru niðurstöður umfangsmikillar viðhorfs- og þjónustukönnunar sem Kennarasambandið lét leggja fyrir félagsfolk sitt. Niðurstöður voru brotnar niður á aðildarfélög og eru því gott veginesti fyrir félagið í starfsemi þess.

Þorbjörn hélt fyrirlestur fyrir kennaranema verkgreina um starfsþróunarmöguleika framhaldsskólakennara (Vísindasjóðinn og ýmislegt fleira) 18. apríl. Farið var m.a. yfir hvaða stofnanir/samtök bjóða upp á námskeið, einnig var fjallað um faggreinafélögin og fleira. Hann endurtók erindið 27. mars 2025 fyrir nýjan hóp nemenda.

ISTP fundur í Singapore dagana 22-24. apríl, Þorbjörn var fulltrúi FF á fundinum. Frá KÍ fóru einnig Magnús Þór Jónsson formaður KÍ, Haraldur Freyr Gíslason formaður FL og Arndís Þorgeirsdóttir af útgáfusviði og frá MMR Ásmundur Einar Daðason ráðherra, Teitur Erlingsson aðstoðarmaður hans, Ásgerður Kjartansdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir, sérfræðingar í ráðuneytinu. ISTP stendur fyrir International Summit on the Teaching Profession og er sameiginlegur vettvangur menntamálaráðherra og formanna stéttarfélaganna kennara í OECD-löndum. Þetta er boðsráðstefna, þ.e. fulltrúum ákveðinna landa er boðið að koma. Eitt helsta verkefni íslensku sendinefndarinnar í Singapore var að tilkynna um að næsta ráðstefna yrði haldin á Íslandi. Hún fór fram dagana 23.-25.

mars í Hörpu. Á ISTP 2025 – ráðstefnunni komu fulltrúar frá 24 þjóðum, menntamálaráðherrar og formenn kennarasambanda þeirra. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var Quality Education: The Key to Prosperity and Well-being. Skipuleggjendur ráðstefnunnar lögðu allmikla áherslu á leikskólastigið á Íslandi, enda staða landsins mjög sterk varðandi menntun yngstu nemendanna. Einnig var sérstaklega fjallað um velsæld nemenda og kennara og samspil lýðræðis og menntunar. Skuldbindingar mennta- og barnamálaráðherra víkja að því að stofna sérstaka landsnefnd eða þjóðarráð um málefni kennara þar sem unnið verður að mótun heildstæðrar kennarastefnu á Íslandi í samstarfi við Kennarasamband Íslands; að bæta starfsaðstæður kennara, auka hlutfall kennaramenntaðra á öllum skólastigum og leggja sérstaka áherslu á auka aðsókn í kennarastarfið og starfsfestu kennara; að styðja með virkum hætti við áhrif og sjálfstæði fagfólks í skólum með því m.a. að styðja við og auka tækifæri til starfsþróunar.

Starfsfólk FF sótti ýmsa fundi í júní og má þar nefna kynningu á skýrslu um [stöðu drengja í menntakerfinu](#) sem haldin var á hótél Natura þann 6. júní. Fundað var með mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna ályktunar fagfélags hjúkrunarkennara um raunfærnimat í sjúkraliðanámi þann 13. júní. Þann 26. júní var svo samráðsfundur um aðgerðaráætlun 2 vegna menntstefnu til ársins 2030. Félagið átti fulltrúa á kynningarfundi um starfsþróunarvegabréf kennara í Wales, [EWC Professional Learning Passport](#), í lok júní.

Stjórn, samninganefnd og skólamálanefnd félagsins áttu vinnufund þann 12. ágúst á Grand hóteli. Farið var yfir stöðuna og horfur í samningamálum félagsins og Kennarasambandsins. Einnig var farið yfir viðburðadagatal félagsins fyrir skólaárið 2024-2025, unnið í umsögn um aðgerðaáætlun 2024-2027 í menntamálu, rætt um tilhögun námsorlofa og samstarf við mennta- og barnamálaráðuneytið um ýmis mál.

Seint í september og snemma í október tók félagið þátt í ýmsum viðburðum. Guðjón og Ingibjörg sóttu ráðstefnuna [Sátt um betra menntakerfi](#) á vegum Verkfræðingafélags Íslands. Fulltrúar félagsins sóttu Menntaviku sem að þessu sinni bar yfirskriftina “[Framtíð menntunar á tímum gervigreindar](#)” og málstofuna “[Stytting námstíma til stúdentsprófs: Sjónarhorn menntarannsóknna](#)” þar sem formaður félagsins tók þátt í pallborðsumræðum. Félagið átti fulltrúa á kynningu hjá HÍ á niðurstöðum [Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar](#) í nóvember.

Þann 4. nóvember 2024 var haldinn undirbúningsfundur á Teams með Guðjóni formanni FF, Símoni Cramen Larsen formanni skólamálanefndar FF, Helgu Baldursdóttur og kennurunum Ellerti Daníelssyni í Borgarholtsskóla, Helga Val Harðarsyni í VMA, Hrafnhildi Sigurgeirsdóttur í VMA, Helga Þórði Þórðarsyni hjá TS og Ægi Friðrikssyni hjá MK. Þessi hópur var settur saman vegna vinnu með Mennta- og barnamálaráðuneyti undir stjórn Hrafnkels Tuma Kolbeinssonar um framkvæmd [reglugerðar um vinnustaðarnám nr. 180/2024](#).

Frá september og fram í janúar var mikið um skólaheimsóknir þar sem formaður og starfsfólk skrifstofu heimsóttu um helming framhaldsskóla landsins. Fundirnir voru undirlagðir af umræðum um kjarasamningsviðræður. Fundað var margsinnis með félagsfólki þeirra skóla sem báru hitann og þungan af verkfallsaðgerðum, FSu og MR.

Nokkuð var um að starfsfólk félagsins fundaði með samstarfsnefndum skóla vegna mála sem tengjast stofnanasamningum.

Kennaranemum var boðið á kynningarfund í Borgartúnið 18. febrúar þar sem farið var yfir starfsemi félagsins og Kennarasambandsins og helstu atriði varðandi launasetningu kennara sem eru að hefja störf í framhaldsskólum kynnt. Fundurinn var vel sóttur og húsfullir í stærsta sal húsnæðis Kennarasambandsins.

Vegna anna starfsfólks á skrifstofu og formanns FF við kjarasamningagerð og kynninga á nýjum kjarasamningi hefur félagið ekki náð að funda eins reglulega með hópum sérfræðinga af starfsbrautum, sérkennara og náms- og starfsráðgjafa eins og áætlað hafði verið.

Rauða eplið

FF gefur út fréttabréfið *Rauða eplið* sem fjallar um málefni félagsins. Að auki fær félagsfólk sameiginleg epli frá KÍ um mál sem snúa að sambandinu í heild. Árið 2024 komu út 20 tölublöð. Meðal reglulegs efnis í fréttabréfinu eru upplýsingar um samningaviðræður, samninga, atkvæðagreiðslur, viðburði og fundi, auk upplýsinga frá Vísindasjóði, skólamálanefnd o.fl. Þjónusta félagsins, s.s. skoðun vinnumats og aðstoð við önnur kjaramál, er auglýst og fréttir úr félagsstarfinu fá sitt pláss. Í fréttabréfinu er gjarnan vakin athygli á áhugaverðum greinum um málefni framhaldsskólastigsins og annað sem tengist skólamállum almennt og eru í deigluinni hverju sinni. Bréfið berst yfirleitt einnig til félagsfólks í FS. Lestur fréttabréfsins er um 40% líkt og verið hefur síðustu ár.

Félagsdeildir

Félagsdeildirnar í framhaldsskólum eru grunneiningar félagsins. Félagseild endurspeglar með smærra sniði skipulag FF á sama hátt og skipulag félagsins er speglun á skipulagi KÍ. Félagseildir eru samtals 32, auk þess sem trúnaðarmenn eru á tveimur stöðum þar sem fjöldi félagsmanna nær ekki viðmiðum fyrir félagseild.

Hlutverk og starfsemi félagseilda

Á aðalfundi FF 2011 voru ítarlegri ákvæði um félagseildir sett í lög félagsins til að skýra betur hlutverk þeirra en þeim er ætlað að vinna að hagsmunamálum félagsmanna FF á viðkomandi vinnustað. Miklu máli skiptir fyrir allt starf og árangur félagsins að deildirnar séu virkar í sínu starfi.

Sérfræðingar FF sjá um mál sem snerta félagseildirnar almennt, safna saman upplýsingum um starfsemi þeirra, greiða þóknarir samkvæmt ákvörðunum síðasta aðalfundar og stjórnar FF, svara spurningum formanna og senda erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum.

Hlutverk félagseilda er að vera málsvari félagsmanna FF á vinnustaðnum, vinna að faglegum málefnum þeirra og kjara- og réttindamálum í samstarfi við FF og KÍ og kjósa fulltrúa á fulltrúafund og aðalfund FF og á þing KÍ.

Fjárframlög og almennar verklagsreglur

Heildarframlög til forystufólks í framhaldsskólunum og bein framlög til félagseilda hafa verið sem hér segir:

Ár	Þóknarir til forystufólks og framlög til félagseilda
2019	10.367.000 kr.
2020	10.440.800 kr. (8.972.000 kr.)
2021	11.486.000 kr. (9.722.000 kr.)
2022	16.705.000 kr. (3.380.000 kr.)
2023	16.149.144 kr. (2.474.000 kr.)
2024	28.937.000 kr. (4.894.000 kr.)

Stjórn FF ákvað þann 10. júní 2020 að veita sem svarar 10% af árlegri innkomu í 0,1% fræðslusjóðinn til félagsdeildanna. Því er í töflunni hér fyrir ofan bætt 1.468.800 kr. við fjárhæð ársins 2020 í framlög til félagsdeildanna og 1.764.000 kr. við framlögin 2021 (*sjá innan sviga*). Stjórn FF ákvað þann 21. september 2022 að í stað þess að félagsdeildir greiði trúnaðarmönnum og formönnum af framlagi sínu þá greiði félagið beint til þeirra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið og nam greiðslan annars vegar kr. 7.019.000 til formanna og trúnaðarmanna og hins vegar kr. 6.306.000 til samstarfsnefnda. Á árinu 2023 greiddi félagið á sama hátt beint til þeirra sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið og nam greiðslan annars vegar kr. 10.654.843 til formanna og trúnaðarmanna og hins vegar kr. 3.020.301 til samstarfs- og vinnumatsnefnda. Á árinu 2024 greiddi félagið kr. 12.626.000 til trúnaðarmanna og formanna félagsdeilda en svo kr. 11.417.000 til samstarfsnefnda, vinnumatsnefnda og fólks í stjórnnum félagsdeildanna. Kallað er eftir tímum vegna vinnu félagsdeilda í lok hvers skólaárs. Vegna þessara beinu greiðslna til fólks í trúnaðarstörfum fyrir félagið, lækka bein framlög til félagsdeildanna umtalsvert (*sjá innan sviga*).

Skýrslur og upplýsingar

Innan Félags framhaldsskólakennara (FF) voru eftirfarandi 30 félagsdeildir virkar og starfandi.

Félagsdeildir FF 2024-2025:

Borgarholtsskóli (BHS)	Framhaldssk. í Vestmannaeyjum (FÍV)
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV)	Kvennaskólinn í Reykjavík (KVSK)
Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN)	Menntaskólinn að Laugarvatni (ML)
Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu)	Menntaskólinn á Akureyri (MA)
Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS)	Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME)
Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA)	Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ)
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB)	Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTr)
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG)	Menntaskólinn í Kópavogi (MK)
Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ)	Menntaskólinn í Reykjavík (MR)
Flensborg (FLB)	Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH)
Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH)	Menntaskólinn við Sund (MS)
Framhaldsskólinn á Laugum (FL)	Tækniskólinn (TS)
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu (FAS)	Verkmenntaskóli Austurlands (VA)
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMos)	Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA)
Fjölmennt	Verzlunarskóli Íslands (VÍ)

Ekki voru starfræktar félagsdeildir í Menntaskóla Borgarfjarðar, Hallormsstaðaskóla, Hússtjórnarskólanum í Reykjavík eða Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn eru lykilaðilar í starfsemi stéttarfélagins. Í 29. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna ([94/1986](#)) segir: „Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.“

Allir nýir trúnaðarmenn aðildarféлага KÍ fá sent kynningarbréf um efni á vef KÍ sem tengist trúnaðarmönnum. KÍ hélt fræðslufund fyrir alla trúnaðarmenn Kennarasambandsins þann 30.

september síðastliðinn þar sem farið var yfir réttindi og skyldur trúnaðarmanna, ráðningamál og starfslok.

Í framhaldi þess fundar var trúnaðarmönnum félagsins boðið á sérstakan fjarfræðslufund þann 8. október um málefni FF. Þar voru nýjar úthlutunarreglur Vísindasjóðs FF og FS kynntar, farið var yfir ýmis réttindamál, Guðjón formaður ræddi samningamál og síðast en ekki síst gafst trúnaðarmönnum tækifæri til að bera saman bækur sínar.

Þann 17. janúar voru allir trúnaðarmenn boðaðir á fund í húsakynnum KÍ þar sem farið var yfir stöðuna í kjarabaráttunni og mögulegt skipulag frekari aðgerða.

Vinnumat og vinnumatsnefndir

19. mars var fulltrúum kennara í vinnumatsnefndum boðið til fræðslufundar um málefni vinnumats. Um fjarfund var að ræða sem var ágætlega sóttur en rúmlega 40 tóku þátt. Þar var minnt á upplýsingasíðuna [vinnumat framhaldsskólakennara](#) sem hýst er á vef stjórnarráðsins. Fjallað var um mikilvægi vinnumatsnefnda og verkefni þeirra. Farið var yfir [sniðmát til að reikna vinnumat áfanga](#) sem er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Einnig var farið yfir helstu hugsanleg frávík frá sýnidæmum vegna fæðar nemenda og lauk svo fundinum með fyrirspurnum og umræðum.

Einu máli var vísað til úrskurðarráðs sem er skipað tveimur fulltrúum KÍ og tveimur fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis. Málið snýr að vinnumati áfanga þar sem saman er blandaður hópur dagskóla- og fjarnema. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir en ráðið hefur þó komist að samkomulagi um að fjarkennslu skuli vinnumeta líkt og aðra kennslu.

Guðjón og Ingibjörg sátu stjórnarfund SMÍ í september og ræddu um vinnumat. Einnig funduðu Guðjón og Ingibjörg með forseta hugvísindadeildar HÍ þar sem rætt var um vinnumat námskeiða.

Það er fagnaðarefni að vinnumatsnefndir eru að taka á sig skýrara form enda mikilvægar einingar í starfi félagsins, bæði í faglegu og kjaralegu tilliti.

Skólamál

Hlutverk Félags framhaldsskólakennara er bæði að gera kjarasamninga og fara með málefni félagsmanna Kennarasambands Íslands sem sinna kennslu eða ráðgjöf í framhaldsskólum. Undir þann hluta starfseminnar falla skólamál, innra starf, félagsdeildir, erlent samstarf og margvíslegur erindrekstur.

Skólamálanefnd FF

Skólamálanefnd er skipuð fimm fulltrúum samkvæmt félagslögum. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi félagsins en faggreinafélög kennara tilnefna síðan fulltrúa í nefndina sem eru kosnir á sameiginlegum fundi formanna allra faggreinafélaga á framhaldsskólastigi á grundvelli skriflegra tilnefninga. Formaður skólamálanefndar stýrir þeirri kosningu.

Skólamálanefnd starfar eftir starfsáætlun sem byggir á skólamálakafla starfsáætlunar FF. Fundir skólamálanefndar hafa að jafnaði verið haldnir einu sinni í mánuði. Frá fulltrúafundi FF í apríl 2024 fram að fulltrúafundi í apríl 2025 fundaði nefndin 6 sinnum með hefðbundnum hætti.

Fundargerðir skólamálanefndar eru aðgengilegar hér:

- [23.05.2024](#)

- [29.08.2024](#)
- [26.09.2024](#)
- [28.11.2024](#)
- [29.01.2025](#)
- [26.03.2025](#)

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ, vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntun félagsmanna og annast tengsl við faggreinafélögin. Nefndin hefur leitast við að fylgjast með umræðu um skóla- og menntamál og taka þátt í fundum og kynningum eftir því sem unnt er.

Á aðalfundi Félags framhaldsskólakennara í október 2022 var Simon Cramer Larsen kjörinn formaður Skólamálanefndar FF á kjörtímabilið 2022-2026. Í kjölfarið var auglýst eftir framboðum til setu í nefndinni og tók ný nefnd til starfa í desember.

Í skólamálanefnd sitja:

Simon Cramer Larsen, formaður, Fjölbrautaskólinn við Ármúla

- Ellert Danelíusson, Borgarholtsskóli, Félag kennara í málmiðnaði
- Hafrún Eva Arnardóttir, Borgarholtsskóli, Samlíf samtök líffræðikennara
- Helga Þórey Júlíusdóttir, Tækniskólinn, Félag sérkennara á Íslandi
- Helgi Þórður Þórðarson, Tækniskólinn, Félag kennara í rafiðngreinum
- Klara Guðbrandsdóttir, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Félag náms- og starfsráðgjafa
- Magnús Hlynur Haraldsson, Borgarholtsskóli, Félag raungreinakennara

Starf nefndarinnar

Nefndin hefur unnið í samræmi við ályktun sem samþykkt var á fulltrúafundi árið 2023 og tekið virkan þátt í umræðum um málefni framhaldsskólans.

Störf nefndarinnar hafa litast svolítið af kjaraviðræðum en helstu verkefni á árinu 2024-2025 hafa verið að fjalla um inngildandi menntun og starfsþróun. Formaður félagsins og formaður nefndarinnar hafa setið fundi með ráðuneytisstjóra um þetta mál. Formaður skólamálanefndar ræddi ítrekað við meðlimi nefndarinnar um þessi mál til að tryggja að skoðanir þeirra og sjónarmið kæmu fram og að samhljómur væri í svörum nefndarinnar.

Formaður nefndarinnar tók virkan þátt í kjarasamningagerð og nefndarfolk hélt umræðunni um skóla- og kjaramál á lofti og eiga hrós skilið fyrir það.

Þegar flosnaði upp úr ríkisstjórnarsamstarfinu á síðasta ári var ljóst að ekkert myndi gerast fyrr en ný ríkisstjórn væri mynduð.

Mánaðarlegir fundir formanns og varaformanns félagsins með formanni skólaneftndar hafa haldið áfram. Þetta hefur skilað sér í góðu samstarfi og gefið stjórn félagsins betri innsýn í starf skólamálanefndar.

Nefndin skilaði inn umsögn um [frumvarp til laga um námsgögn](#). Auk þess var umsögn um „[aðgerðaáætlun 2024-2027](#)“ unnin í samvinnu við stjórn Félags framhaldsskólakennara.

Skólamálanefnd er núna að vinna að svari við fyrirspurn félags pípulagningarmeistara um gildi námskeiða erlendis sem gætu veitt meistararéttindi á Íslandi.

Fyrirhugað er að hefja heimsóknarherferð, hugmyndin er að formaður nefndarinnar muni hafa samband við formenn kennarafélaga og athuga hvort spennandi verkefni og/eða starfsþróun séu í gangi og kíkja þá í heimsókn og fá kynningu. Nefndin hefur heimsótt skóla nefndarfólks og mun það halda áfram.

Menntaþing

Þann 30. september 2024 sótti formaður nefndarinnar og nefndarfólk [Menntaþing 2024](#) á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Formaður nefndarinnar var þar hringborðs- og umræðustjóri. Á þinginu var meðal annars rætt um stöðu menntakerfisins og hver næstu skref í menntaumbótum séu.

Heimsókn frá MMS

Í nóvember komu fulltrúa frá MMS, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, í heimsókn í Borgartúnið. Markmiðið með heimsókninni var að kynna starfsemi MMS fyrir skólamálanefndinni og hvaða þjónusta er í boði fyrir framhaldsskólakennara. Á fundinum var gagnagrunnurinn [Frigg](#) kynntur. Þar verður haldið utan um nákvæmar upplýsingar um stöðu nemenda en þær gætu gagnast í framhaldsskólum t.a.m. við röðun í hópa og til þess að betur megi tryggja að nemendur fái viðeigandi stuðning og þjónustu. [Björgin](#), sem er spjallvélmenni, var kynnt fyrir nefndinni. Hér er um að ræða þróunarverkefni þar sem gervigreind er nýtt. Einnig var fjallað um verkefnið [Heillaspor](#) en þar er um farsældarverkefni að ræða með það að markmiði að geta m.a. stutt við nemendur með fjölbreyttan menningarbakgrunn og þannig haft áhrif á menningarumhverfið í skólunum okkar.

Skólamálaþing skólamálaráðs

Þann 3. október 2024 var [Skólamálaþing KÍ](#) haldið. Fagmennska og stöðugleiki: Gildi kennarastéttarinnar var yfirskrift þingsins sem tengist ímyndunar herferð Kennarasambandsins. Guðrún Ragnarsdóttir prófessor í stjórnun menntastofnana var með erindi og einnig Ólafur Páll Jónsson, prófessor í heimspeki. Í lok þings voru pallborðs umræður og þar var formaður nefndarinnar fulltrúi framhaldsskólakennara auk þess sem að nefndarfólk skólamálanefndar tók þátt.

Kynning hjá HÍ

Samstarf milli skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara og skólamálanefndar Félags grunnskólakennara hefur aukist á kjörtímabilinu. Umræður um skólamál skólastiganna og aukið samstarf hefur meðal annars verið rætt.

Það var þess vegna ánægjulegt þegar nefndirnar tvær fóru saman á kynningu hjá Háskóla Íslands þann 21. janúar 2025. Þar fékk nefndarfólk kynningu á kennaranámi, fjar- og staðarnámi og fyrirhuguðum breytingum og áherslum. Formaður nefndarinnar komst ekki vegna veikinda en Helga Þórey og Helgi Þórðar voru fulltrúar FF.

Það er áætlun nefndarinnar að halda áfram að styrkja tengsl og samvinnu við skólamálanefnd FG, FL, FS og FT.

Skólamáladagur skólamálaráðs

Þann 13. mars síðastliðinn var [skólamáladagur](#) haldinn í húsakynnum KÍ á vegum skólamálaráðs með yfirheitinu *Kennari - hvers vegna*. Til umfjöllunar var skólaþróun, hvert við stefnum, skólastefna KÍ og hvers vegna við erum kennarar. Guðrún Ragnarsdóttir prófessor í stjórnun menntastofnana flutti erindið *Hvað gerir kennslu eftirsóknarverða* og í kjölfarið sköpuðust góðar umræður. Eftir hádegi var

farið í „saumana“ á skólastefnu KÍ sem skólamálaráð mun svo fara yfir í heild sinni fyrir næsta þing KÍ í apríl 2026.

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ

Skólamálanefndir aðildarfélaganna mynda skólamálaráð ásamt formanni/varaformanni KÍ sem jafnframt er formaður skólamálaráðs. Formaður skólamálanefndar FF, Simon Cramer Larsen, situr í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ og tekur þátt í vinnu þess. Árið 2024 voru haldnir 7 fundir í skólamálaráði. Forgangsverkefni framkvæmdastjórnar skólamálaráðs verða þau verkefni sem ráðinu voru falin af 8. þingi KÍ.

Hér má lesa um starfsemi og [starfsáætlun skólamálaráðs KÍ](#).

Helstu verkefni á árinu 2024 voru:

- Skólastefna KÍ - endurskoðun.
- Skipulagning ISTP ráðstefnu á Íslandi árið 2025.
- Starfsþróunarvegabréf á vefsvæði KÍ - Stjórn KÍ í samráði við skólamálaráð vinnur að því að ljúka við þróun kerfis tengdu vefsvæði KÍ fyrir kennara þar sem þeir skrá starfsþróun sína.
- Stofnun fagfélags nýliða í kennslu - Kennarasamband Íslands í samstarfi við kennaranemafélög háskólanna undirbýr stofnun fagfélags nýliða í kennslu.
- Rannsóknarsjóður KÍ - Fylgst með rannsóknasjóði KÍ í samstarfi við stjórn sjóðsins.

Einnig er óloknum verkefnum fyrra ráðs haldið vakandi eftir því sem tæk eru á og umhverfið kallar á.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) skipuleggur og styrkir endur- og símenntun framhaldsskólakennara. Hlutverk nefndarinnar er að ráðstafa því fé sem menntamálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Stjórn nefndarinnar skipuðu árið 2024:

- Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, mennta- og barnamálaráðuneyti, formaður stjórnar
- Simon Larsen Cramer, Kennarasambandi Íslands
- Sólveig Kristjánsdóttir, framhaldsskólakennari
- Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG

Um námskeiðahald, fjárhagsstöðu og útgjöld verður hægt að lesa í [væntanlegri ársskýrslu nefndarinnar fyrir árið 2024](#).

Vísindasjóður FF og FS

Sett var met í úthlutun styrkja úr sjóðnum á árinu. Aukning er á flestum styrkgerðum og nýting félagsfólks á sjóðnum er mjög góð. Alls sóttu 1492 félagsmenn, eða 80% skráðra félaga í FF og FS um A-deildina. Aldrei hafa fleiri félagsmenn fengið styrki vegna skólaheimsókna, eða 527 talsins. Það eru 80 fleiri en fyrra met, sem var 2022. Töluvert var sótt um styrki vegna námskeiða, bæði innanlands og erlendis, 377 félagar fengu styrki vegna þeirra.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á reglum sjóðsins á árinu. Nýjar reglur tóku reyndar ekki gildi fyrr en 1. janúar 2025. Þær helstu eru að möguleikar eru að nýta skólaheimsóknaferðir að hluta eða í heild sem námskeiðsferðir og bætt var eins konar dreifbýlisstyrk við styrki til skólaheimsóknaferða,

15 eða 30 þúsund krónur til viðbótar, sé umsóknarskóli a.m.k. 90 eða 250 km frá flugvelli á Íslandi. Þetta er gert til að jafna aðstöðu sjóðfélaga á landsbyggðinni til að nýta sér hinn fremur lága skólaheimsóknastyrk sem er 150.000 kr.

Haustið 2024 var síðasta haustið þar sem nýta mátti fyrningar frá fyrri árum í A-deildinni. Allstór hluti umsækjenda hreinsaði upp fyrningar en frá og með árinu 2025 á fólk eingöngu styrkheimild yfirstandandi árs til afnota.

Rekstur sjóðsins var með 53,5 milljóna króna halla, líkt og sjá má í ársreikningi. Hann er nokkru hærri en reiknað hafði verið með. Má þar geta þess að launahækkningar voru á endanum engar á árinu, fyrir utan eingreiðslu um áramótin, sem breytti ekki töxtum og skilaði þar af leiðandi ekki viðbótartekjum í sjóðinn. Áætlað er að þar muni um 10 milljónum. Einnig voru skólaheimsóknastyrkir mun hærri en árið áður. Frá Kóvíð-árunum, þegar heilmikill höfuðstóll varð til í sjóðnum, hefur stefnan verið sú að reka hann með halla sem myndi smátt og smátt minnka með auknum tekjum. Í ljósi launahækkana á árinu 2025 ætti hallinn að minnka á næstunni. Enn er borð fyrir báru, um áramótin voru 199 milljónir í höfuðstóli sjóðsins, svo hann þolir taprekstur í nokkur ár í viðbót, án þess að skerða þurfi styrkheimildir.

Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu. Fundargerðir sjóðsstjórnar eru aðgengilegar á [fundargerðasíðu KÍ](#).

Nánari upplýsingar um málefni Vísindasjóðs, fjölda og upphæðir styrkja, mönnun stjórnar, rekstur og fjárhag, má lesa í ársskýrslu og ársreikningum sjóðsins sem lögð eru fram á fulltrúafundi FF 7. apríl 2025 og aðalfundi FS í júní sama ár og eru einnig birt á heimasíðu Kennarasambandsins.

Erlent samstarf

Félag framhaldsskólakennara hefur gegnum tíðina tekið virkan þátt í erlendu samstarfi, bæði á vegum KÍ og að eigin frumkvæði.

Nordiske Lærerorganisationernes Samråd (NLS)

Kennarasamband Íslands á aðild að Norrænu kennarasamtökunum, [Nordiske Lærerorganisationernes Samråd](#) (NLS) og á KÍ þar þrjú sæti í stjórn, eitt fyrir hvert skólastig. Þau ár sem varaformaður KÍ hefur komið úr Félagi framhaldsskóla hefur sá eða sú hin sama setið sem fulltrúi framhaldsskólastigsins í þeirri stjórn. Nú ber svo við að hvorki formaður né varaformaður KÍ kemur úr ranni FF og því kemur það í hlut formanns FF að taka sæti í stjórninni ásamt formanni og varaformanni KÍ. Þetta hefur í för með sér aukið umfang verkefna á könnu formanns tengdum norrænu samstarfi. Jákvætt er þó að töluverður fjöldi funda er haldinn í gegnum Teams og þannig er reynt að halda ferðalögum í lágmarki.

Sektormöte NLS. Dagana 28. og 29. maí sóttu Helga Baldurs og Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir ráðstefnu í Helsinki fyrir Íslands hönd. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var stafræn tækni og gervigreind.

Norrænu þátttakendurnir voru sammála því að kennarar á Norðurlöndunum væru almennt ekki að nota sér gervigreind í kennslu en þeir gerðu ráð fyrir að það ætti eftir að aukast og því væri mikilvægt að setja reglur, bæði opinberar leiðbeinandi reglur frá yfirvöldum en ekki síst frá kennarafélögunum sjálfum. Það kom í ljós að norrænir framhaldsskólakennarar voru ekki komnir mikið lengra á þessari braut en íslenskir kollegar þeirra.

Dagana 2. og 3. maí var vofundur stjórnar NLS haldinn í Helsinki. Guðjón hefur þetta kjörtímabil setið í stjórn Norrænu kennarasamtakanna ásamt formanni og varaformanni KÍ en að þessu sinni komst Guðjón ekki á fundinn vegna veikinda og fékk sem Anton Mát Gylfason, formann Félags stjórnenda í

framhaldsskólum til þess að halda uppi merkjum framhaldsskólastigsins f.h. Kennarasambandsins. Fyrir utan venjubundin fundastörf stjórnarinnar, sem fundar að jafnaði tvisvar á ári, var m.a. fjallað um nýtt samstarf kennarasambanda innan NLS um samningamál, samvinnu við Norrænu ráðherranefndina og undirbúning ISTP ráðstefnunnar sem haldin yrði árið 2025 á Íslandi.

Simon Cramer, formaður skólamálanefndar, fór ásamt Sveinlaugu Sigurðardóttur, formanni skólamálanefndar Félags leiksskólakennara og Írisi Árnýju Magnúsdóttur, nefndarkonu í skólamálanefndar Félags grunnskólakennara, til Svíþjóðar dagana 24.-25. október 2024 á [Föbundsseminarium 2024](#) á vegum NLS. Þema fundarins var: *Fjármögnun menntakerfisins á Norðurlöndum og vinnuumhverfi kennara*. Á fundinum var fjallað um hvernig menntakerfið er og verður fjármagnað til framtíðar. Rætt var um að mikilvægt sé að skoða hvort Norðurlöndin hafi þróað sterka og vel starfhæfa tækni til að fjármagna skólana. Einnig var rætt um að Norðurlöndin væru svo rík að hægt væri að búa til norrænt sameiginlegt módel.

Nera

Simon Cramer tók þátt í ráðstefnu á vegum [Nera](#) í mars 2025 þar sem þema var Kennslufræði vonar: Þakklæti, fjölbreytileiki og sjálfbærni í menntun (e. *Pedagogy of Hope: Gratitude, Diversity, and Sustainability in Education*). Áhugaverð ráðstefna þar sem hægt var að sækja ýmsar málstofur, t.d. um brottfall nemenda úr framhaldsskóla og inngildingu innan skólakerfisins. Þar fjallaði Kerry Howells um list þakklætis: Að finna von á tímum mótlætis í menntun (e. *The art of gratitude: A practice for finding hope in times of adversity in education*).

Að lokum

Undanfarið starfsár hefur verið undirlagt samningavinnu frá A til Ö. Það á að þessu sinni ekki aðeins við um okkar félag heldur hafa öll aðildarfélög Kennarasambands Íslands staðið í sömu stórræðum og það sameiginlega í fyrsta sinn í sögu sambandsins. Þessi nána samvinna aðildarfélaganna setti mikið mark á umræðu um menntamál almennt, stöðu kennarastéttarinnar bæði faglega og ekki hvað síst kjaralega. Við sem Kennarasamband náðum árangri við kjarasamningaborðið sem engu öðru bandalagi eða stéttarfélagi hafði tekist fram að því og nú bíður okkar mikið starf við að fylgja þeim árangri eftir. Nú þurfum við að beina kastljósinu að hinu rétta „virði“ kennarastarfsins og annarra faglegra starfa í skólunum ekki aðeins í kjaralegum skilningi heldur einnig faglegum. Eins verðum við að byggja áfram upp þessa samstöðu og þetta stolt sem við höfum öll fundið fyrir undanfarin misseri.

Ég hlakka mikið til næsta starfsárs og hlakka til að vinna með frábæru fólki að brýnum málefnum kennara og náms- og starfsráðgjafa.

Guðjón Hreinn Hauksson
formaður Félags framhaldsskólakennara